

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. september 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-46/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á þurrkara, sem hann keypti af Y. Álitsbeiðandi krefst þess að núverandi rekstraraðili Y, Z, hér eftir einnig nefnt seljandi, greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 20. júní sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 4. júlí. Með bréfi, dags. 11. júlí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 25. júlí. Engin andsvör né frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 1. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 19. maí 2011 keypti álitsbeiðandi þurrkara af gerðinni T58840 af A. fyrir kr. 120.670. Hinn 13. júní sl. fór álitsbeiðandi með umræddan þurrkara á verkstæði Z vegna villuboða sem birtust í stjórnbörði þurrkarans. Hinn 16. júní hafði verkstæðið samband við seljanda og tjáði honum að svoneftnd „stýring“ í þurrkaranum væri ónýtt. Segist álitsbeiðandi í kjölfarið hafa sett sig í samband við deildarstjóra verslunarinnar Z sem bauð honum að verslunin legði til varahlut í þurrkaranum, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu, en álitsbeiðandi greiddi sjálfur vinnulið vegna viðgerðarinnar. Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. afrit af reikningi vegna kaupa á þurrkara, reikningi vegna viðgerðar á þurrkaranum að fjárhæð kr. 16.614. Krafa álitsbeiðanda er sú að seljandi endurgreiði sér áðurneftndan reikning vegna vinnu við viðgerðina að fjárhæð kr. 16.614.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögmanni seljanda, er m.a. rakið að seljandi hafi umfram skyldu afhent honum varahlut í þurrkara sinn, án greiðslu, en álitsbeiðandi hafi sjálfur þurft að greiða fyrir vinnulið vegna viðgerðarinnar. Rekur seljandi því næst að álitsbeiðandi telji að á grundvelli „5 ára kvörtunarfrests“ eigi hann rétt á því að fá bæði varahlut og vinnulið, án greiðslu. Um tímafrestinn sé vísað til 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 2. mgr. þeirrar greinar segi „Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka.“ Bendir seljandi á að í ábyrgðarskilmála vörunnar hafi sérstaklega verið tekið fram að um tveggja ára ábyrgð væri að ræða og að hún væri bundin við „viðgerð eða endurnýjun á hverjum þeim hluta þess sem áfátt kann að vera, enda bendi líkur til þess að um framleiðslu- eða efnisgalla sé að

ræða.“ Þá segir í andsvörum seljanda að ekki verði með nokkru móti séð að einstök bilun í „stýringu“ þurrkarans geti leitt til þess að um fimm ára ábyrgð sé að ræða. Vísar seljandi því næst til athugasemda með frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup, en þar segir m.a. um 27. gr. laganna:

„Ákvæðið er að nokkru leyti í samræmi við 3. mgr. 32. gr. kaupalaga þar sem kveðið er á um fimm ára frest til að bera fyrir sig galla við kaup á byggingarefni sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Þá er reglan í samræmi við ákvæði norskra laga um neytendakaup. Reglunni er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. [...] Mat á því hversu langur endingartími söluhlutur er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra.“

Telur seljandi augljóst að einstakur hlutur í þurrkara geti ekki átt að duga í allt að fimm ár og að neytandi geti gengið út frá því sem vísu. Væri túlkun ááltsbeiðanda lögð til grundvallar væri verið að breyta gildandi lögum um tveggja ára ábyrgð á a.m.k. öllum raftækjum og einstökum hlutum þeirra. Sú regla verði ekki með nokkru móti leidd af neytendakaupalögum. Við mat á þessu verið að hafa í huga að um sé að ræða viðgerð á heimilistæki eftir riflega þriggja ára notkun. Ekki hafi verið um að ræða altjón á tækinu, heldur einungis íhlut þess, þar sem þess sé krafist að ááltsbeiðandi greiði rétt rúmlega 10% af upphaflegu kaupverði hlutarins eftir þriggja ára notkun. Með vísan til framangreinds hafnar seljandi því kröfum ááltsbeiðanda.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur ááltsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti ááltsbeiðandi þurrkara af gerðinni T58840 af selanda hinn 19 maí 2011 fyrir kr. 120.670. Ekki kemur fram hvenær nákvæmlega þurrkarinn bilaði en ááltsbeiðandi leitaði til seljanda vegna bilunarinnar hinn 13. júlí sl., þ.e. rétt rúmum þremur árum eftir að kaupin fóru fram. Telur neftndin ekki ástæðu til annars en að byggja á því að kvörtun ááltsbeiðanda vegna bilunarinnar hafi verið sett fram í samræmi við ákvæði 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. að kvartað hafi verið við seljanda án ástæðulausrar tafar. Kæruneftndin telur rétt að vekja athygli á því að samkvæmt reikningi fyrir kaupum á þurrkaranum var það einkahlutafélagið A, áður Y, sem seldi ááltsbeiðanda þurrkarann. Það félag var úrskurðað gjaldþrota hinn 18. september 2012. Núverandi rekstraraðili verslunarinnar Y er Z, hér neftnt seljandi. Þar sem tekið hefur verið til andsvara í málinu f.h. þess félags án þess að borið hafi verið við aðildarskorti telur kæruneftndi óhætt að ganga út frá því að Z, hafi yfirtekið skyldur hins gjaldþrota félags hvað varði rekstur verslunarinnar Y. Getur ááltsbeiðandi því beint kröfum sínum að Z í þessu máli.

Svo sem rakið er hér að framan hefur verið gert við hinn umdeilda þurrkara. Útvegaði neftndur seljandi varahlut til viðgerðarinnar, ááltsbeiðanda að kostnaðarlausu, en ááltsbeiðandi greiddi hins vegar fyrir vinnulið vegna viðgerðarinnar, kr. 16.614. Gerir ááltsbeiðandi kröfu um að honum verði endurgreidd sú fjárhæð og lítur kæruneftndin á kröfu hans sem skaðabótakröfu.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa og segir þar í b-lið 2. mgr. að hann eigi að „hafa þá eiginleika til að

bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Sé svo ekki telst söluhlutur vera gallaður, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Kærunefndin álitur þegar tekið er tillit til þess að þurrkari álitsbeiðanda var ekki nema rúmlega þriggja ára gamall þegar stýring í honum bilaði verði að telja hann gallaðan í skilningi framangreindra lagaákvæða. Þá er ekkert komið fram um það að gallinn sé „sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a.:

“Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. [...],

Í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a.:

„Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Eðlilegur endingartími þurrkara getur vissulega verið mismunandi eftir tegundum. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími þurrkara er það álit kærunefndarinnar að kaupandi megi búast við því að þurrkari þeirrar tegundar sem álitsbeiðandi keypti endist lengur án bilana en rúmlega þrjú ár. Með vísan til þess sem að framan er rakið af 27. gr. neytendakaupalaga og skýringum í greinargerð álitur kærunefndin að með tilliti til þess að ekki liðu nema rúmlega þrjú ár frá því að álitsbeiðandi keypti þurrkarann þar til bilun kom fram í honum hafi álitsbeiðandi ekki glatað rétti til þess að bera fyrir sig gallann á þurrkaranum. Getur kærunefndin þannig ekki tekið undir það sem fram kemur í andsvörum seljanda um að sá skilningur að hægt sé að bera fyrir sig galla á umræddum þurrkara í allt að fimm feli í sér að þá sé jafnframt hægt að bera fyrir sig galla í fimm ár á öllum öðrum raftækjum. Hvort hægt sé að kvarta undan galla á söluhlut í allt að tvö ár, eða allt að fimm ár, ræðst af samspili væntinga neytanda við kaup á hlutum, verði og markaðssetningu hlutanna, mati á endingartíma hlutarins í skilningi b-liðar 15. gr. laganna og markmiðum framleiðanda hvað varðar endingartíma söluhlutarins. Rétt er að taka fram að í tilvitnuðum skýringum við 27. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 48/2003 um neytendakaup er tekið fram að sé vafi um hversu langan endingartíma söluhlut er ætlað að hafa sé rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Er það því mat kærunefndarinnar að þurrkari, sem keyptur er í sérvörslun fyrir raftæki fyrir kr. 120.670 verði að teljast söluhlutur sem ætlaður sé verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;

- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 16.614. Telur nefndin rétt að fallast á þá kröfu.

VI

Álitsorð

Seljandi, Z, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 16.614.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir